

Fundargerð öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 14. október 2020 á Hangouts kl. 18.30

Mætt Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Ari Halldór Hjaltason.

Elsa Kristín Sigurðardóttir og Erla Sigurðardóttir boðuðu forföll.

1. Öryggismál í keppnum

Nefndinni hafa ekki borist formleg erindi um öryggi eða aðstæður í undanförunum keppnum.

- Vitað að á torfærukeppni á Akureyri 12. september slitnaði öryggisbelti, klofbeltið, við veltu. AÓŠ segir að keppnisráðið í torfæru hafi fengið þær upplýsingar frá skoðunarmanni á keppninni að ekki hafi séð á beltinu fyrir keppni og frágangur á því hafi verið góður. Jafnframt sagði hún keppnisráðið í torfæru hafa fjallað um málið og gert ráðstafanir, þ.e. ítreka að ekki væri notast við öryggisbúnað sem væri kominn fram yfir uppgefna notkunardagsetningu.
- Á torfæru í Hafnarfirði 3. október var nokkur misbrestur á sóttvörnum út af COVID-19. Samkvæmt AS er keppnishaldari meðvitaður um það sem úrskælis fór og hefur þegar gert ráðstafanir til að minnka líkur á að gerist aftur.
- Fyrir rallykeppni 26. september var tekið út búr í einum keppnisbílanna rétt fyrir skoðun og í framhaldinu límdur „AKÍS vottunar miði“ á það. Ökumaður upplýsti skoðunarmann um það „í spjalli“ að sér hefði verið sagt að hann þyrfti að bæta við stífu svo búrið uppfyllti kröfu en úttektaðilinn lét skoðunarmanninn ekki vita af því né fylgdist með því hvort það var gert fyrir ræsing. Fundarmenn lýstu furðu sinni á þessum vinnubrögðum.

2. Samskipti við keppnishaldara og keppnisráð

Málið rætt frá ýmsum hliðum.

Ákveðið að senda sem fyrst áskorun til keppnisráða að setja inn í reglur viðmið um aldur öryggisbúnaðar og hvetja þau til að virða alþjóðleg viðmið í þeim efnum.

Vera síðan í sambandi við keppnishaldara og keppnisráð í vetur með að fá frá þeim ábendingar um öryggismál sem vert væri að skoða sérstaklega.

3. Undirbúningur fyrir námskeið öryggisfulltrúa

Kynnum okkur hvernig staðið var að námskeiðunum þegar þau voru haldin síðast. Hugum jafnframt að hvaða þekking og reynsla í þessum málum er til staðar hérlendis.

Óskum líka eftir að AKÍS kanni fyrir okkur hvað er í boði hjá FIA, t.d. efni til að nota á námskeiðum og eða leiðbeinendur.

4. Viðgerðir og úttektir á búrum

Velt var upp hvað skuli gera ef búr skemmist í óhappi og þarfnast viðgerðar eða endurnýjunar. Ákveðið að leita svara hjá stjórn hvort öryggisfulltrúar eða skoðunarmenn skuli fjarlægja „AKÍS vottunar miðann“ eða hvert verklagið skuli vera.

5. Merkingar á öryggisbúnaði

All nokkur dæmi eru um að öryggisbúnaður sé merktur sérstaklega, bæði af eigendum og jafnvel keppnishöldurum. Ákveðið að kanna hvaða reglur gilda um slíkar merkingar en þær geta minnkað þá vernd sem búnaðurinn veitir ef eru framkvæmdar rangt.

6. Formannafundur

Ákveðið að óska eftir við stjórn að skýrsla nefndarinn verði á dagskrá formannafundar í nóvember.

7. Önnur mál

- a. Ákveðið að halda næsta fund samkvæmt áætlun í nóvember en næsta fund eftir það í janúar eða febrúar.

Fundi slitið kl. 19,24

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson